



# RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



## FUNDUR VÍSINDAMANNARÁÐS ALMANNAVARNA

Dags: 20.09.2014 Kl.: 09:30 Staðsetning: Björgunarmiðstöðin Skógarhlíð

Fundarefni: Umbrotin í Bárðarbungu

Fundinn sátu: Vísindamenn frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans, ásamt fulltrúum frá Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og Umhverfisstofnun.

### Meginefni fundar

- Eldgosið í Holuhrauni
- Loftgæði
- Sviðsmyndir

### Fundargerð

- Eldgosið í Holuhrauni heldur áfram með líkum hætti og síðustu daga.
- Sig öskju Bárðarbungu heldur áfram á svipuðum hraða.
- Áfram mælast stórir skjálftar við Bárðarbunguöskjuna, en þar hafa mælst þrjár jarðskjálftar stærri en M3,0 frá hádegi í gær. Sá stærsti mældist M5,1 kl 01:10 í nótt. Smærri skjálftar mældust í Dyngjujúkli og norðurhluta berggangsins.
- GPS mælingar sýna áframhaldandi sig Bárðarbungu auk þess sem jarðskorpuhreyfingar benda til þess að enn aukist magn kviku lítilega í bergganginum.
- Engar breytingar sjást á vatnamælum.
- Loftgæði:
  - Fréttir hafa borist af brennisteinsmengun víða um land í morgun en þó hafa ekki verið skráð nein alvarleg tilfelli. Fólk er hvatt til þess að kynna sér vel leiðbeiningar Umhverfisstofnunar og Sóttvarnalækni sem nánar má lesa um hér fyrir neðan.
  - Í dag er útlit fyrir vestan- og norðvestanátt og má því búast við að gasmengun frá eldgosinu í Holuhrauni berist til austurs og suðausturs. Mengunar gæti orðið vart á sunnanverðum Austfjörðum allt suður að Höfn í Hornafirði. Vindur á svæðinu er fremur hægur og við þær aðstæður getur gas safnast fyrir í lögðum í landslagi og náð þar háum styrk. Þetta á einkum við um nágrenni eldstöðvarinnar. Á morgun (sunnudag) er útlit fyrir vaxandi sunnanátt og berst mengunin þá til norðurs og gæti hennar orðið vart á svæði sem afmarkast af Bárðardal í vestri að Öxarfirði í austri. Spána má sjá á [www.vedur.is/vedur/spar/textaspar/oskufok/](http://www.vedur.is/vedur/spar/textaspar/oskufok/)
  - Veðurstofan hefur opnað nýtt vefsvæði á vefsíðu sinni þar sem almenningur getur skráð inn hvort vart hafi verið við brennisteinsmengun. Síðan heitir [Skrá mengun](#) og er á forsíðu vefs Veðurstofnunar.
  - Umhverfisstofnun hefur sett upp tvær nýjar SO<sub>2</sub> mælistöðvar á Leirubakka í Landssveit og á Vopnafirði. Gögn frá þeim má sjá á síðunni [www.loftgæði.is](http://www.loftgæði.is)
  - Almannavarnir og Umhverfisstofnun hafa keypt 40 nýja handmæla til að mæla SO<sub>2</sub> sem dreift verður víða um land með mestan þéttleika á Austurlandi.
- Leiðbeiningar:



# RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

## ALMANNAVARNADEILD



- Ef fólk finnur fyrir óþægindum er mælt með að halda sig innandyra, loka gluggum, auka kyndingu og slökkva á loftræstingu. Gott er að lofta vel út þegar loftgæði eru góð. Tafla um viðbrögð við loftmengun hefur verið birt á vef Umhverfisstofnunar [www.ust.is](http://www.ust.is). Hægt er að fylgjast með mælingum á loftgæðum á síðunni [www.loftgaedi.is](http://www.loftgaedi.is) Veðurstofan birtir textaspár á vef sínum og viðvaranir eftir því sem aðstæður breytast.
- Tilmæli og leiðbeiningar frá Sóttvarnalækni og Umhverfisstofnun má finna á heimasíðum stofnananna. [www.ust.is](http://www.ust.is) og [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is)
- Veðurstofan birtir spár um útbreiðslu brennisteinstvildis á vefnum [www.vedur.is](http://www.vedur.is) en þær eru einnig lesnar með veðurfregnum. Einnig verður leitast við að koma spánum til skila í sjónvarpsveðurfréttum.
- Umhverfisstofnun kannar möguleika á því að fá fleiri mæla til landsins svo betur megi fylgjast með gosmengun frá eldgosinu.
- Hægt er að senda inn fyrirspurnir og upplýsingar til Umhverfisstofnunar vegna loftmengunar á netfangið [gos@ust.is](mailto:gos@ust.is). Umhverfisstofnun óskar sérstaklega eftir upplýsingum frá fólki sem hefur lent í háum styrk; hvar það var stöð, tímasetningu, lýsingum á gasmekki, eins og lit og skyggni, og lýsingum á áhrifum (sviði í augum o.s.frv.).
- Þrjár möguleikar eru taldir líklegastir um framvindu:
  - Gosið í Holuhrauni fjarar út og öskjusig í Bárðarbungu hættir.
  - Stórt öskjusig í Bárðarbungu. Gos í Holuhrauni verður langvinnt eða vex. Mögulegt er að sprungan lengist til suðurs inn undir Dyngjujökul og valdi jökulhlaupum og gjóskufalli. Einnig er mögulegt að sprungur opnast annars staðar undir jöklinum.
  - Stórt öskjusig í Bárðarbungu og gos í öskjubroti. Slíkt gos gæti brætt mikinn ís og valdið verulegu jökulhlaupi. Öskufall gæti orðið nokkurt.  
Ekki er hægt að útiloka aðrar sviðsmyndir.
- **Frá Veðurstofu Íslands:**
- Litakóði fyrir flug er áfram appelsínugulur fyrir Bárðarbungu.

Ríkislögreglustjórnin almannavarnadeild [www.almannavarnir.is](http://www.almannavarnir.is) [www.avd.is](http://www.avd.is) Twitter: [@almannavarnir](https://twitter.com/almannavarnir)